

FUNDARGERÐ

406. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 17. apríl 2018 kl. 11.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Reynir Vilhjálmsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Grái herinn umræða

Punktur Ernu um stöðu og framtíð Grá hersins yfirfarnir.

Skýra þarf stöðu Gráa hersins sem aðgerðahóps. Hreyfiafl sem nái til alls landsins sem þó er snúið með tilliti til félaga eldri borgara. Rætt um að GH sé því frekar verk fyrir fyrir LEB þar sem ekki er eðlilegt að FEB sjái um og kosti alfarið. Spurningar og gagnrýni hafa komið fram vegna þessa.

Niðurstaða að FEB yfirtaki alla hópa og að þeir verði innan raða FEB. Skrifstofa FEB verður að tilkynna hvað er mikilvægasta verkefnið og hvað þurfi af starfsfólki hverju sinni.

2. Byggingarmál - leigufélag. Samstarf við Vildarhús

Framhald umræðu um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar. Sagt frá fundi formanns og framkvæmdastjóra fyrir í morgun með borgarstjóra. Þar sem handsalað var að gengið yrði til undirritunar viljayfirlýsingar milli FEB og Rvkborgar um lóð vegna frekari bygginga á vegum félagsins og er þá einkum horft til leiguíbúða og þess samstarfs sem til stendur að ganga frá milli Vildarhúsa og FEB og áður hefur verið kynnt.

Samþykkt heimild til formanns og framkvæmdastjóra að ganga til stofnunar og samstarf við Vildarhús um stofnun Leigufélags aldraðra.

3. Nefndaskipan og aukalandsfundur LEB

Aukalandsfundur er boðaður 24. apríl 2018 kl. 10.30. Sömu aðilar sitji þennan aukalandsfund og sátu síðasta landsfund LEB.

Rætt um LEB samstarf og nefndarskipan.

4. Önnur mál

Vortónleikar Kórs Félags eldri borgara og Kátra karla verða 27. apríl kl. 17.00 í Grensáskirkju.

Fundur vegna sveitastjórnarkosninga verður laugardaginn 5. maí kl. 10.30 í Ráðhúsinu – vænst er aðkomu stjórnarmanna í vegna vinnu fyrir og á fundinum. Fundarstjóri verður Guðrún Árnadóttir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.40.

Samþykkt;

